

Reglugerð nr. 30.5 um Meistaramót utanhúss 15-22 ára unglíngameistaramót Íslands

1. Framkvæmd

- 1.1. Leiðarljós keppni á Meistaramóti Íslands 15-22 ára er að þátttakendum gefist tækifæri á að próa sig áfram í keppni við jafningja sína við sambærilegar aðstæður og eru í keppni fullorðinna. Boðið sé uppá allar helstu keppnisgreinar. Iðkendur eru auk einstaklingskeppninnar þátttakendur í liði í stigakeppni flokka og móts, eykur það liðsanda og skapar fleirum hlutverk.
- 1.2. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.
- 1.3. Þátttökurétt eiga þeir sem eru 15 til 22 ára árið sem keppnin fer fram.
- 1.4. Keppnisflokkar eru samkvæmt reglugerð nr. 26 um aldursflokkaskipan.
- 1.5. Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokki, ef þeir keppa ekki í sömu grein í eigin flokki. Í öðrum greinum er ekki heimilt að keppa nema í sínum aldursflokki. Blandað boðhlaup í flokki 20-22 ára skal hlaupið samkvæmt reglum WA hverju sinni. Röðin skal vera karl-kona-karl-kona.

Keppnisgreinar og skipting keppnisgreina milli daga:

	Fyrri dagur	Seinni dagur
15 ára	80 m 300 m 80 m grind stúlkna 100 m grind pílta Langstökk Stangarstökk Spjótkest Kringlukast 4x100 m boðhlaup	800 m 2000 m 300 m grind Hástökk Þrístökk Sleggjukast Kúluvarp
16-17 ára 18-19 ára	100 m 400 m 1500 m 100/110 m grind Langstökk Stangarstökk Spjótkest Kringlukast 4x100 m boðhlaup	200 m 800 m 3000 m 400 m grind Hástökk Þrístökk Sleggjukast Kúluvarp
20-22 ára	100 m 400 m 1500 m 100/110 m grind Langstökk Stangarstökk Spjótkest Kringlukast 4x100 m boðhlaup	200 m 800 m 3000 m 400 m grind Hástökk Þrístökk Sleggjukast Kúluvarp 4x400 m blandað boðhlaup

- 1.6. Í tæknigreinum eru þrjár tilraunir fyrir alla og þrjár til viðbótar fyrir þá átta með besta árangurinn eftir þriðju umferð. Mælt er til þess að keppendum sé endurraðað eftir þriðju og fimmtu umferð þannig sá með lakasta árangurinn byrji og svo koll af kolli.
- 1.7. Í hlaupagreinum styttri en 200 m skal hlaupið til úrslita.

- 1.8. Mælst er til þess að keppni í fámennum flokkum sé sameinuð eins og kostur er, hvort sem er í tæknigreinum eða hlaupagreinum. Þetta á við um hópá sem hafa 8 eða færri keppendur.
- 1.9. Mælst er til þess að keppni í fjölmennum hópum í tæknigreinum sé hópaskipt. Þetta á við um hópá stærri en 24.

2. Stigagjöf

1. Stigakeppni fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 6 stig og koll af kolli þannig að 6. sæti fær 1 stig.
2. Veita skal verðlaun til þess liðs sem hlýtur flest samanlögð stig í hverjum aldursflokki fyrir sig. Einnig skal sæma það lið sem flest samanlögð stig hlýtur í öllum flokkum sæmdarheitinu „Íslandsmeistari félagsliða 15-22 ára“. Séu lið jöfn ræður fjöldi Íslandsmeistara. Alls er því hér keppt um níu bikara, einn fyrir hvern aldursflokk og kyn og einn fyrir heildar sigurvegara.

3. Verðlaun

1. Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein, gull, silfur og brons, í hverjum flokki, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
2. Einungis íslenskur ríkisborgari getur orðið Íslandsmeistari og átt tilkall til verðlauna. Erlend gestapáttaka er þó heimil. Undanskilið er, að börn og unglingar með erlent ríkisfang, sem eru yngri en 18 ára, miðað við fæðingardag og hafa dvalarleyfi og lögheimili á Íslandi, skulu hafa keppnisrétt. Árangur þeirra skal skrá inn í afrekaskrá FRÍ, en sérstaklega merkja sem árangur erlendra ríkisborgara.
3. Birta skal yfirlit um fjölda gull-, silfur- og bronsverðlauna, sem hvert félag/samband vinnur, í öllum aldursflokkum karla og kvenna og samanlagt. Fyrst skal raðað eftir fjölda gullverðlauna, ef jafnt er skal raðað eftir fjölda silfurverðlauna og loks skal raðað eftir bronsverðlaunum á sama hátt.

4. Önnur ákvæði

1. Meistaramót Íslands skal að öllu öðru leyti fara fram eftir reglum World Athletics, að undanskildum gr. 25.5. í Sérkeppnisreglum FRÍ um auglýsingar á búningum.
2. Keppendur skulu keppa í félagsbúningi.
3. Raða skal í riðla í hlaupagreinum, skv. reglum World Athletics, að teknu tilliti til árangurs skráðra hlaupara í viðkomandi grein. Viðmiðunarárangur skal ekki vera eldri en sex mánaða þegar keppni fer fram. Ábyrgðin skal liggja hjá þeim aðila sem skráir keppandann í greinina.

Saga

1. Samþykkt sem sér reglugerð samkvæmt ákvörðun þings 2024.

2. Uppfært á þingi 2026. Skerpt á reglum um röð kynja í blönduðu boðhlaupi. Sé í samræmi við reglur WA þ.e. karl-kona-karl-kona.